



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. P 141/1461
komudagur 8.2.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til næstu sveitastjórnarkosninga 2014, 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 582 – 458. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Með tillögunni er lögð fram framkvæmdaáætlun í barnavernd sem ætlað er að gilda fram til næstu sveitarstjórnarkosninga sem verða 2014. Í áætluninni er að finna nokkrar aðgerðir sem ætlaðar eru til þess að stuðla að eflingu barnaverndarstarfs í landinu.

MRSÍ fagnar þessari framkvæmdaáætlun sem tímabærri og telur þær aðgerðir sem hún felur í sér jákvæðar og til þess fallnar að bæta vernd barna hér á landi.

Sérstaklega ber að fagna því að í áætluninni er a.m.k. tveim aðgerðum (2.1.1. og 2.3.3) ætlað að bæta þátttöku barna og foreldra í barnaverndarstarfinu. Annars vegar með auknu aðgengi að ráðgjöf og endurbættri heimasíðu Barnaverndarstofu og hins vegar í aukinni þátttöku barna og foreldra við gerð áætlana í barnaverndarmálum.

Einnig má benda á að MRSÍ hefur gert athugasemdir við það í skýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna að hún telji vitneskju um efni samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ekki næga hér á landi og fræðslu um málefni barna ábótavant. Einnig benti MRSÍ á að upplýsingar, sem safnað er, eru lítt aðgengilegar og ekki alltaf samræmdar svo auðvelda megi nýtingu þeirra til þess að bæta þjónustu og auka skilvirki í barnaverndarstarfi. Það er því sérstakt ánægjuefni að í framkvæmdaáætluninni felist að bæta eigi fræðslu til starfsmanna og kjörinna fulltrúa barnaverndarnefnda, auka samráð og standa að árlegu Barnaverndarþingi og námskeiðum og ráðstefnum til þess að hvetja til umræðu um málaflokkinn. Þá fagnar skrifstofan því að efla skuli rannsóknir og greiningu á starfsemi barnaverndar hér á landi.

MRSÍ fagnar sérstaklega tillögu Barnaverndarstofu að sett verði á fót ný meðferðarstofnun sem sé ætluð aðallega fyrir unglunga sem glíma við alvarlegan vímuefnavanda og geta ekki fengið aðstoð annars staðar frá og að sú stofnun geti þá jafnframt þjónustað þau ungmenni sem sæta gæsluvarðhaldi eða hafa hlotið óskilorðsbundna dóma og geta ekki eða vilja ekki afplána á öðrum



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

meðferðarheimilum. Með því yrði stigið stórt skref í áttina að því að Ísland geti fallið frá fyrirvara sínum við c lið 37. gr. Barnasáttmálans.

Enn fremur er mikilvæg sú endurskoðun sem boðuð er í lið 2.2.4 um fyrirkomulag styrkts fósturs og þá einkum með tilliti til barna sem glíma við fötlun eða annan fjölþættan vanda. Hafi ekki verið til nein sérstök fósturúrræði fyrir þau, eða ekki reynt nóg öllum tilfellum til að koma til móts við allar þarfir þessara barna, er jákvætt að reynt verði að bæta úr því. Þá er og jákvætt að sérfræðiþjónusta sé til staðar í öllum landsfjórðungum svo ekki þurfi að flytja börn langar leiðir til að veita þeim viðunandi þjónustu.

MRSÍ leggur áherslu á að tilraunaverkefni, er lítur að sérstakri aðstoð og meðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi, verði ekki lengur tilraunaverkefni heldur fastur punktur í þjónustu Barnaverndarstofu. Það hefur sýnt sig að full þörf er á þessu úrræði.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri